



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2020

Efni: Þátttaka barna í ákvörðunartöku um tilhögun skólastarfs og réttur þeirra til upplýsinga

Á síðustu vikum hefur mikil röskun orðið á skólastarfi vegna þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til og sem miða að því að hefta útbreiðslu kórónuveirunnar. Af fyrirspurnum barna til embættis umboðsmanns barna er ljóst að óvissan um framgang skólastarfs á næstu vikum og mánuðum veldur börnum mikilli streitu og áhyggjum. Meðal þess sem hvílir á börnum og ungmennum er það hvort til standi að lengja yfirstandandi önn í grunn- og framhaldsskólum og hvernig staðið verður að einkunnagjöf í grunnskólum og inntöku nemenda í framhaldsskóla.

Ljóst er að skólar og skólayfirvöld munu þurfa að grípa til ýmissa ráðstafana til þess að tryggja rétt barna til menntunar undir þessum sérstöku kringumstæðum, en brýnt er að nemendur í skólum séu þátttakendur í þeirri ákvörðunartöku, fái nauðsynlegar upplýsingar um þá valkosti sem til greina koma, og fái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, áður en endanleg ákvörðun er tekin. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, skulu aðildarríki sáttmálans tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska. Þátttaka barna í ákvarðanatöku um málefni sem þau varðar, leiðir til upplýstari og vandaðri ákvarðana sem meiri líkur eru á að sátt ríki um, ekki síst ef um er að ræða íþyngjandi aðgerðir. Nemendaráð geta gegnt lykilhlutverki í því að upplýsa nemendur og hvetja þá til þess að taka þátt í samráði og samtali við stjórnendur og starfsfólk skóla um fyrirhugaðar aðgerðir vegna skerðingar á skólastarfi.

Ber til þess að líta að skólar gegna lykilhlutverki í því að efla börn til lýðræðislegrar þátttöku en fram kemur í lögum um grunnskóla að hlutverk skóla er að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Þá kemur jafnframt í aðalnámsskrá grunnskóla að skólastarf skuli miða að virkri þátttöku barna í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan. Réttur barna til þátttöku á ekki síst við um ákvarðanir sem snúa að starfsemi skóla og skipulagningu kennslu því þar eiga börn brýnna hagsmuna að gæta.

Umboðsmaður barna vill því hvetja mennta- og menningarmálaráðuneytið til þess að beina þeim tilmælum til stjórnenda skóla, að við töku ákvarðana um tilhögun skólastarfs á næstu vikum og mánuðum, verði hugað sérstaklega að rétti barna til upplýsinga og þátttöku samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna